








„Sérlega gaman að vinna að Skjaldhömrum Jónasar Arnasonar“

„Það þarf að draga úr „mystikinni“ í leikhúsinu“

„Stór hluti enskra leikara lifir á atvinnuleysisstyrkjum“

„Öll próf í leiklist eru vafasöm“

Minni „mystik“ — meira líf

— rætt við breska leikstjórnann
Anthony Matheson

„Það er stórkostlegt að koma til Íslands. Þó ekki væri nema vegna sólarleysisins, en ég þoli illa sólskin. Þar að auki hefur verið mjög gaman að fá örlitla nasa-sjón af íslensku leikhúslífi, sem mér sýnist vera mjög blómlegt. Og vinnan við „Skjaldhamra“ var mjög skemmtileg, ekki síst fyrir breta eins og mig, sem hefur

sáralitil tengsl við náttúrulegt líf, eins og það birtist í leikritinu“ sagði breski leikstjórninn Anthony Matheson, sem hingað kom með ensku sýninguna á „Skjaldhömrum“, en hann sviðsetti leikritið fyrir leiklistarhátíðina í Dundalk á Írlandi.

Anthony segir okkur í upphafi ræðsins að hann hafi lært raffræði

í háskólanum í Birmingham. Þar komst hann kynni við leiklistina og fór að sviðsetja leikrit í stúdentaléikhúsinu. Síðan hefur hann unnið við leiklist af ýmsu tagi, — leikið, sviðsett, unnið við sýningarstjórn og nú síðustu árin skrifað leikrit.

„Ég hef aðallega skrifað fyrir sjónvarp, en þó einnig sviðsverk.“

Það er geysilega erfitt að komast inn á markaðinn með leikrit í Brelandi. Í því, eins og flestum öðrum greinum leiklistarinnar má segja að margir séu kallaðir en fáir útvaldir. Sjónvarpið ætlar nú að taka myndaflokk sem ég hef skrifað, þar sem John Alderton mun leika eitt stærsta hlutverkið (hann lék m.a. í Ó, hve glöð er vor æska,). Ég hef því unnið við ýmiss störf í leikhúsi og sjónvarpi, þótt mest hafi ég fengið við leikstjórn.

„Nú þóttu bretar lengi veita einhverja bestu leiklistar-menntun sem unnt var að fá í heiminum. — Hvernig er þeim málum háttað í dag?“

„Það er óhætt að segja að þróunin í leiklistarkennslunni hafi verið bæði jákvæð og neikvæð. Við höfum marga ágæta leiklistarskóla, sem veita góða menntun, en aragrúa af lélegum skólum, sem eru fyrst og fremst úti eftir peningum frá nem. í þessa skóla kemstu, jafnvel þótt þú getir ekkert, ef þú átt peninga. Við höfum í raun og veru enga ríkisrekna skóla, en nokkra, sem njóta verulegra styrkja og sem veita góðum nemendum fjárhagsaðstoð. Allir þessir skólur útskrifa fleiri hundruð nemenda árlega, en allt Bretland þarf ekki nema 30 - 40 leikara á ári. Atvinnuleysið er gífurlegt og nú hefur enska leikarasambandið (British actors equity) tekið upp mjög harða stefnu í þessum málum. Það vill stöðva einkaskólana með því að neita nemendum úr þeim um inngöngu í félagið, en sértu ekki félagsmaður, hefurðu sáralitla möguleika á vinnu.“

Inngönguskilyrðin þrængjast, — þú færð enga vinnu án þess að vera í félaginu og þú færð ekki inngöngu í félagið nema vera í vinnu.“

„Hvað gerir allt þetta fólk sem kemur út úr skólanum, fyrst ekki er þörf fyrir nema brot af því?“

Í stóru þjóðfélagi eins og Bretlandi er heilmikið hægt að gera upp á eigin spýtur. Þetta er þó að verulegu leyti háð því að eitthvert samræmi sé á milli kynjanna, en svo hefur alls ekki verið, og því er atvinnuleysið miklu meira hjá kvenfólkinu. Lengi vel voru konur einkskonar hluti af leikmyndinni í leikhúsinu, en nú er loks farið að líta á þeirra framlag sem alvarlega vinnu. Hlutföllin á milli kynjanna virðast líka vera heldur að jafnast við inngöngu í leiklistarskólana. En þessi stóri kvennahópur, sem þegar hefur verið útskrifaður hefur m.a. verið mjög öflugur innan kvenfrelsis-hreyfingarinnar og það er mikið um leikhópa, sem hafa helgað sig þeirri baráttu og byggðir eru á honum. Mikil af þessu fólki vinnur svo við ýmis störf tengd leiklist, þótt óhætt sé að segja að stór hluti lífi á lágmarkslaunum eða atvinnuleysisstyrkjum.“

„Hefurðu hugsað út í það

hvernig hægt væri að takmarka aðsóknina í leiklistaskólana, þ.e. draga úr fjöldanum sem reynir við inntökuprófin?“

„Fólk fær stundum mjög hæpnar upplýsingar um leiklist í gegnum fjölmiðla, sem oft ala á stjórnudýrkun o.s.frv. Kannski eru það þessi atriði sem draga svo marga að en þrátt fyrir mjög miklar umræður um þessi mál, auknar upplýsingar um atvinnuleysið og raunveruleg kjör þessa fólks, virðist það ekki hafa nægileg áhrif — sumum finnst þetta jafnvel enn meira spennandi fyrir vikið. Inntökupróf eru líka mjög hæg, eins og öll leiklistarpróf. En þau eru alltaf hæg, hvort sem þú fellir marga eða fáa — og þú kemst aldrei hjá því að fella einhverja, hvaða stefna sem rekin er.“

Það er ljóst að sú stefna, að allir eigi rétt á þeirri menntun sem þeir kjósa sér, er mjög hæg í leiklist, — og dýr. Hins vegar má segja að atvinnuleysi enskra leikara sé hluti af miklu stærra vandamáli, sem er einkennandi fyrir breskt þjóðfélag. Atvinnuleysi og stéttaskipting er gífurleg í Bretlandi og vinnan er jafnframt einkskonar kvæð — sektarskylda. Og breskt leikhús hefur verið ákaflega hefðbundið og fullt af allskonar „mystik“. Þetta er sem betur fer að hverfa og þarf að hverfa, því það getur staðið í veginum fyrir lífandi þróun, — þróun sem mér virðist t.d. eiga sér stað í íslensku leikhúslífi.“

„Hvernig er fjárhagsafkoma litlu leikhópanna í Bretlandi?“

„Hún er mjög mismunandi, en þó oft vel viðunandi, sem fjöldi þeirra sýnir. Flestir hópar sem starfa að staðaldri fá styrki úr sérstökum sjóð, sem styrkir allar listgreinar í Bretlandi. Einnig fá þeir oft styrki frá hinum ýmsu sveitar og bæjarstjórnunum, þar sem hóparnir starfa. Leikararnir fá þá ákveðið lágmarkskaup og stundum meira. Þessir hópar eru af ýmsu tagi og sýna allskonar leiklist, og þeir eru kannski ein helsta drifkrafturinn í bresku leikhúslífi í dag.“ sagði Antony. Og áður en við kveðjum hann spyrjum við hvort hann ætli að skoma aftur til Íslands og hann svarar:

„Já, áreiðanlega. Það væri gaman að kynna íslensku leikhúsi betur. Með haustinu förum við með sýninguna á „Skjaldhömrum“ til Dublin og hefur komið til tals að sýna leikritið víðar. Ég held að það sé full ástæða til þess að kynna íslenska leikritun á erlendum vettvangi og geti verið gagnlegt, bæði fyrir Íslendinga og ekki síður fyrir t.d. breta, sem ég held að gætu ekki skrifað leikrit eins og Skjaldhamra, vegna þess að þeir hafa ekki þau nauðsynlegu tengsl við náttúruna og upprunalegt líf, sem þið Íslendingar hafið sem betur fer ekki glatað“ sagði Anthony að lokum.

þs

10 íslensk verk á sýningu á norrænni vefjarlist

Þann 26. júní síðastliðinn var opnuð í listasafni Alaborgar sýning á norrænni vefjarlist. Sýningin verður haldin þriðja hvert ár og er sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. Að þessu sinni verður sýningin farandsýning og fer frá Alaborg til Noregs þaðan

til Svíþjóðar, áfram til Finnlands, Íslands, og Færeyja. Alls bærast 800 verk inn á sýninguna en aðeins 100 hlutu náð fyrir augum dómnefndar, þar af 10 frá Íslandi. Dómnefnd var skipuð 5 fulltrúum, einum frá hverju landi, af Íslands hálfu Ásgerður Búadóttir.

Íslensku listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: Arnaldís Ögn Guðmundsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Ragna Róbertsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurlaug Jóhannsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.

Sýningin verður á Kjarvalsstöðum í janúar 1977. Allur undirbúningur hér heima varðandi Nordisk textiltiennale var unninn af Félagi textilhönnuða sem einnig mun annast uppsetningu og alla fyrirgreiðslu sýningarinnar hér á landi.

Stjórn Félags textilhönnuða skipa: Þorbjörg Þórðardóttir form. Sigrún Sverrisdóttir ritari. Steinunn Bergsteinsdóttir gjaldk. Hildur Hákonardóttir meðst. og Ragna Róbertsdóttir meðst.

Dregur úr atvinnuleysi


Atvinnuleysisdögum fækkaði lítilsháttar í júnimánuði frá því sem var í maí, en hins vegar fækkaði atvinnuleysingjum verulega.

Þannig voru 403 atvinnulausir á landinu öllu í júnílok. en 653 í maílok. Atvinnuleysisdagar í júní reyndust vera 6.672 en 6.951 í maímánuði.

Flestir atvinnuleysingjar voru í Reykjavík, 200 talsins í júnílok, en voru 426 í lok maímánaðar. Flestir atvinnuleysingjar í kaupstöðum áttu búsetu á Akureyri og Húsavík, 26 og 25, en voru 33 á báðum stöðum í maímánuði.

Flestir atvinnuleysingjar í kaupstöðum áttu búsetu á Akureyri og Húsavík, 26 og 25, en voru 33 á báðum stöðum í maímánuði. Mest fjölgun atvinnuleysingja var á Sauðárkróki af kaupstöðum, en þar fjölgaði þeim úr 1 í 8.

—úþ



A myndinni eru Arngrímur og Ingibjörg og þrjú af fimm börnum þeirra, Kári 16 ára, Kara 11 ára og Auðbjörg 5 ára, svo og frænka Ingibjargar, Sigrún Jónsdóttir frá Ósabakka á Skeiðum. A myndina vantar Reyni 15 ára og Svein 7 ára, sem báðir eru í sveit hjá frændfólki sínu, annar á Ystafelli, hinn á Ósabakka.

Vinningsbíllinn í góðum höndum

Eins og frá hefur verið skýrt, var dregið í vorhappdr. Krabbameinsfélagsins 17. júní s.l. Annar vinningurinn, Plymouth — Duster fólksbífreið, kom á miða nr. 109884. Eigendur miðans reyndust vera Arngrímur Marteinson bifvélavirki, Háaleitisbraut 103, og fjölskylda hans. Myndin hér að ofan var tekin, þegar þau höfðu tekið við bífreidinni. Arngrímur og kona hans, Ingibjörg Sveinsdóttir, hafa verið

öruggir stuðningsmenn Krabbameinsfélagsins frá fyrstu tíð. Vinningurinn kemur þeim í sérlega góðar þarfir, því að þau eru að undirbúa að byggja yfir sig nýtt húsnæði.

Hinn vinningurinn í vorhappdrætti Krabbameinsfélagsins, sumarhús á hjólum, kom á miða nr. 18714. Miðinn var seldur í lausasölu, en eigandinn hefur ekki gefið sig fram.